

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Halldór Björnsson, greiði 400.00 króna sekt til ríkissjóðs.

Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella í varðhaldi í 20 daga.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Ólafs Þorgrímssonar hrm., kr. 100.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 11. desember 1942.

Nr. 74/1942. **Bjarni Eggertsson** (Garðar Þorsteinsson)  
gegn

**borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjar-  
sjóðs, lögreglustjóranum í Reykjavík og  
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Einar B. Guðmundsson).

Bætur vegna vikningar úr stöðu.

### Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða dóm hefur upp kveðið Björn lögmaður Þórðarson.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 29. júní þ. á., krefst þess, aðallega að vikning hans úr lögreglumannsstarfa verði dæmd ómerk og honum dæmdur réttur til starfans áfram með fullum launum ásamt dýrtíðaruppbót, eins og hún er á hverjum tíma, en til vara, að honum verði í eitt skipti fyrir öll dæmdar skaðabætur úr bæjarsjóði Reykjavíkur, að fjárhæð kr. 40000.00, svo og dæmdur réttur til eftirlauna úr eftirlaunaskjóði Reykjavíkurborgar frá 1. júní 1942. Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefndu bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Samkvæmt 17. gr. tilsk. 20. apríl 1872 fór lögreglustjóri Reykjavíkur ekki út fyrir embættisverkahring sinn, er hann vék áfrýjanda frá starfa sínum, og verður aðalkrafa áfrýjanda því ekki tekin til greina.

Áfrýjandi var skipaður til opinbers starfa án tímatakmarks. Honum var vikið frá starfa 26. nóv. f. á., án þess að honum væri nokkuð talið til sakar, en laun voru honum greidd til 1. júní þ. á. Þykir hann, eins og á stendur, eiga rétt til frekari greiðslna, sem þykja hæfilega ákveðnar kr. 8000.00 vaxtalaust, með því að vaxta hefur eigi verið krafizt.

Áfrýjandi á ekki rétt til árlegra eftirlauna samkvæmt 17. gr. sbr. 16. gr. reglugerðar um eftirlaunasjóð Reykjavíkurborgar frá 29. okt. 1934, með því að áfrýjandi hefur ekki rækt starfann í 15 ár, eins og þar er tilskilið til eftirlaunaréttar. Hins vegar þykir hann eiga tilkall til þeirra greiðslna vaxtalausra, sem runnið hafa í sjóðinn vegna starfa hans, en þær greiðslur verður að telja hlunnindi, er starfanum fylgdu, sbr. lögjöfnun frá 4. mgr. 4. gr. laga nr. 51/1921.

Eftir atvikum þykir rétt, að dæma áfrýjanda úr bæjar-sjóði Reykjavíkur kr 1000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

#### Því dæmist rétt vera:

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, greiði áfrýjanda, Bjarna Eggertssyni, kr. 8000.00 og samanlagðar þær fjárhæðir, sem greiddar hafa verið í eftirlaunasjóð Reykjavíkurborgar vegna lögreglumannsstarfa áfrýjanda, svo og kr. 1000.00 í málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

#### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. maí 1942.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. þ. m., er eftir árangurslausa sáttumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 3. febrúar s. l., af Bjarna Eggertssyni, Hringbraut 33 hér í bæ, gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, fjármálaráðherra f. h. ríkis-

sjóðs og lögreglustjóranum í Reykjavík, Agnari Koefod-Hansen. Gerir stefnandi þær dómkröfur, aðallega að viðurkennt verði, að siðar greind uppsögn á starfi stefnanda sé ólögmet og því marklaus og að hann hafi áfram rétt til starfa síns með fullum launum ásamt dýrtíðaruppbót, eins og hún er á hverjum tíma, og rétt til eftirlauna úr eftirlaunasjóði Reykjavíkurbæjar. Til vara, að bæjar-sjóður Reykjavíkur verði í eitt skipti fyrir öll dæmdur til að greiða stefnanda skaðabætur, að upphæð kr. 40000.00, og auk þess verði viðurkennt með dómi, að stefnandi eigi fullan rétt til eftirlauna úr eftirlaunasjóði Reykjavíkurbæjar frá 1. júní 1942 að telja.

Hvernig sem málið fer, krefst stefnandi þess, að stefndu verði dæmdir til að greiða málskostnað að skaðlausu eða eftir mati réttarins.

Stefndu krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar eftir mati réttarins.

Málavextir eru þeir, að bæjarstjórn Reykjavíkur setti stefnanda þessa máls til að gegna lögregluþjónsstöðu hér í bæ frá 1. nóv. 1933 að telja. Voru árslau hans þá ákveðin kr. 2400.00 auk 40% dýrtíðaruppbótar. Með samþykkt bæjarstjórnarinnar þann 17. jan. 1935 var stefnandi síðan skipaður lögregluþjónn frá 1. s. m. að telja, og skyldu árslau hans vera kr. 2600.00 auk dýrtíðaruppbótar. Gegndi stefnandi svo starfi þessu þar til í desembermánuði síðastliðnum, er hann með samþykki bæjarráðs hætti störfum, en með bréfi, dags. 26. nóv. f. á., hafði hinn stefndi lögreglustjóri sagt stefnanda upp stöðunni frá 1. júní þ. á. að telja, án þess að nokkrar sérstakar ástæður væru færðar fyrir þeirri ákvörðun.

Stefnandi heldur því fram, að lögreglustjóra bresti vald til að segja lögregluþjóni, er skipaður hefur verið til starfans, upp stöðu sinni án samþykkis bæjarstjórnar, og skirskotar hann í því sambandi til 17. gr. tsk. frá 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, þar sem segir, að „lögregluþjóna, næturverði og fangaverði setur bæjarstjórnin eftir uppástungu lögreglustjóra, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarstjórnarinnar.“

Með tilliti til þess, hversu stjórn bæjarmálanna var háttáð á þeim tíma, er umrædd tilskipun er til orðin, þykir ekki unnt að fallast á, að um greinarmun sé að ræða að þessu leyti eftir því, hvort skipaður eða settur lögregluþjónn á í hlut, heldur verður að telja, að lögreglustjóri hafi skv. þessari heimild rétt til að segja skipuðum lögregluþjóni upp starfi sínu. Verður því ekki talið, að hinn stefndi lögreglustjóri hafi farið út fyrir valdsvið sitt með því að segja stefnanda upp stöðu sinni.

Þá hefur stefnandi haldið því fram og byggt kröfur sínar á því, að ekki sé heimilt að vikja lögregluþjónum úr starfi, án þess að þeir hafi gerzt brotlegir. Hann kveðst aldrei hafa fengið svo mikið sem áminningu í starfi sínu og hafi hann þó starfað undir stjórn

fjögurra lögreglustjóra. Þegar menn fá skipun í slíkt starf sem lögregluþjónsstöðu án nokkurs fyrirvara, þá hljóti þeir að gera ráð fyrir, að þeir fái að gegna starfinu, meðan kraftar leyfa og staðan er ekki lögð niður, enda brjóti þeir og ekki af sér í starfinu.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að ekki komi til mála, að hið opinbera sé skylt til að hafa í þjónustu sinni lögreglumenn, þegar yfirmenn þeirra telja þá ekki heppilega til starfans, þótt e. t. v. sé ekki um stórfelld brot að ræða. Verði því að telja heimilt að segja lögregluþjónum upp starfi með hæfilegum fyrirvara, eins og gert hafi verið í tilfelli því, er hér um ræðir, og það án þess, að nokkur skaðabótaskylda komi til.

Verður að fallast á þessa skoðun stefndu. Það er ekki krafizt neinnar sérþekkingar af þeim mönnum, er gegna lögregluþjónsstörfum, eða að þeir séu búnir neinum óvenjulegum hæfileikum, svo verulegt megi teljast. Lögum samkvæmt eða eðli málsins getur starf þetta því ekki talizt vera þannig vaxið, að þeir, sem í það eru skipaðir, hafi ástæðu til að ætla, að hér sé um lifstíðarstöðu að ræða, svo framarlega sem kraftar þeirra leyfa, starfið er ekki lagt niður og þeir brjóta þar ekki af sér. Það verður því að telja, að heimilt hafi verið að segja stefnanda upp starfi með hæfilegum fyrirvara, og þykja sex mánuðir nægjanlegir í þessu sambandi. Þar sem uppsögnin getur skv. framansögðu ekki talizt fela í sér réttarbrott gagnvert stefnanda, verða skaðbótakröfur hans ekki teknar til greina, og þá ekki heldur framangreind krafa hans til eftirlauna, þar sem þau hlunnindi verða að teljast niður fallin með hinni lög-mætu uppsögn á starfinu.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndu verða sýknaðir af öllum kröfum stefnanda, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

#### Því dæmist rétt vera:

Stefndu, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs og lögreglustjórinn í Reykjavík, Agnar Kofed-Hansen, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Bjarna Eggertssonar, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.